

Miðvikudaginn 26. maí 1937.

Nr. 30/1937. **Pétur Magnússon f. h. T. Hofmann-Olsen** (Einar B. Guðmundsson)
 gegn
Halldóri Guðmundssyni (Enginn).

Fjárnámsgerð áfrýjað til staðfestingar.

Áfrýjað er fjárnámi, framkvæmdu i fógetarétti Siglu-fjarðarkaupstaðar 11. marz 1937: Lýsti fógeti því yfir, að ofangreindar eignir¹⁾ væru teknar fjárnámi til tryggingar greiðslu fjárnámskrafna fjárnámsbeiðanda, kr. 159.909.71 með 6% vöxtum frá 15. ágúst 1935, auk fjárnámskostnaðar, og fyrirbauð fjárnámsþola að ráðstafa eignunum á þann hátt, að skert gæti rétt fjárnámshafa að viðlagðri lagarefsingu.

Dómur hæstaréttar.

Þann 29. júní 1929 gaf stefndi út til áfrýjanda skuldabréf að upphæð kr. 180.000.00 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi bréfsins, og skyldi skuldin greiðast í ákveðnum afborgunum ár hvert, enda skyldi henni, að því er virðist, vera lokið 15. des. 1936. Til tryggingar höfuðstól, vöxtum og kostnaði veðsetti stefndi skuldeiganda með fyrsta veðrétti stöð sína á Siglufirði með mannvirkjum, vélum og öðru tilheyrandi, og með öðrum veðrétti verzlunar- og íbúðarhús sitt þar. Fjárnám í veðinu mátti gera samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885, ef því yrði að skipta. Stefndi stóð ekki í skilum samkvæmt skuldabréfinu, og eru eftirstöðvar skuldarinnar taldar þann 6. marz þ. á. nema kr.

1) Þ. e. Sildarstöð á Siglufirði með bryggjum, húsum og lóðarréttindum og vélum og húseigninni Vetrarbraut 7.

159.909.71 auk vaxta frá 15. ág. 1935, er áfrýjandi krafðist fjárnáms í veðunum. Ákvað fógeti, að fjárnám skyldi fara fram þann 11. marz þ. á., enda var ákvörðun hans þar um birt af stefnuvottum á heimili stefnda þann 6. s. m. Fjárnámið var síðan framkvæmt á tilsettum tíma og fjárnámi teknar hinar framangreindu, veðsettu eignir.

Fjárnámsgerð þessari hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 31. marz þ. á., og krafizt staðfestingar á henni og málskostnaðar af stefnda eftir mati dómsins. Stefndi sótti ekki þing, er málið skyldi flytja, og hefir það því verið flutt skriflega eftir 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna, og er dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilrikjum.

Með því að engir þeir gallar eru á fjárnámsgerðinni, er ómerkingu hennar megi varða, þykir mega taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu hennar til greina.

Það sést ekki á skjölum málsins, að stefndi hafi veitt áfrýjanda sérstakt tilefni til áfrýjunar máls þessa, og þykir því rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera :

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

